

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 1997-2009, suðurhluti byggðar í Þorlákshöfn.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 1997-2009 frá 18. október 1999.

Breytingin felst í eftirfarandi:

Stækkun og færslu íbúðarsvæða til notkunar á skipulagstímabilinu.

Stækkun óbyggðs beltis á milli núverandi og fyrirhugaðrar byggðar.

Færslu íþróttasvæðis.

Færslu og minnkun skólagarða.

Færslu og stækkun leiksvæða.

Breyttri legu tengibrautar vestan og sunnan við byggðina.

Breyttri legu Hafnarbergs til suðurs.

Breyttri legu aðkomuvegar að hesthúsabyggð.

Breyttu göngustígakerfi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ölfuss. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.